

Faxaflóahafnir sf.
Gunnar Tryggvason hafnarstjóri
Tryggvagötu 17
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. október 2023

Efni: Álit Samkeppniseftirlitsins um leiðir til að efla samkeppni á flutningamarkaði

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til álits Samkeppniseftirlitsins (SE) nr. 1/2023, um leiðir til að efla samkeppni á flutningamarkaði. Álitinu er meðal annars beint til Faxaflóahafna. Álitið er sett fram í framhaldi af ákvörðun SE í máli Samskipa, en þar er upplýst um umfangsmikil samkeppnisbrot skipafélaganna Samskipa og Eimskips, sem valdið hafa þúsundum fyrirtækja og öllum þorra neytenda verulegu tjóni.

Líkt og segir í álitinu, varpar ákvörðunin ljósi á mikilvægi þess að stjórnvöld og aðrir opinberir aðilar grípi til aðgerða til að efla samkeppni á flutningamarkaði. Í álitinu er í því samhengi vísað til hækkana vöruverðs síðustu mánuði og aðstæðna í efnahagslífinu.

Sá hluti álitsins sem snýr að Faxaflóahöfnum varðar hafnaraðstöðu og skipaafgreiðslu í Sundahöfn, sem er helzta inn- og útflutningshöfn landsins. Tilmæli SE til Faxaflóahafna eru að flýtt verði eins og kostur er vinnu og ákvörðunum á vettvangi félagsins sem varðar frekari þróun hafnaraðstöðu við Sundahöfn og eftir atvikum aðrar hafnir. Þá er mælt til þess að allar ákvarðanir á þessu sviði taki mið af því að nýir og minni aðilar geti fengið aðstöðu og viðeigandi þjónustu sem geri þeim kleift að keppa, án mismununar, við stærri aðila í sjóflutningum. Meðal annars verði tekið mið af þessu við ákvarðanir um nýja samninga eða endurnýjun, framlengingu eða uppsagnir gildandi samninga á vettvangi félagsins um leigu eða ráðstöfun á landi og aðstöðu

Í áliti SE kemur fram að verulegar aðgangshindranir tengdar hafnaraðstöðu og skipaafgreiðslu hamli samkeppni annarra skipafélaga við Eimskip og Samskip. Félögin tvö sitja ein að aðstöðu í Sundahöfn og ráða þar grunninnviðum. Þau eiga þannig búnað til skipaafgreiðslu og hugsanlegir keppinautar eru neyddir til að eiga viðskipti við fyrirtækin tvö sem eru þar á fleti fyrir. Samkeppniseftirlitið mælist til þess að stjórnvöld og hlutaðeigandi opinberir aðilar tryggi aðgengi nýrra og minni keppinauta í sjóflutningum að fullnægjandi hafnaraðstöðu og skipaafgreiðslu hér á landi.

Í Félagi atvinnurekenda er fjöldi inn- og útflutningsfyrirtækja. Þau hafa upp til hópa kvartað árum saman yfir ónógri samkeppni í flutningaþjónustu og hárrí verðlagningu stóru skipafélaganna. Undanfarin misseri hefur óánægja með verðlagningu í skipaflutningum farið enn vaxandi og hefur FA fengið fjölda ábendinga frá félagsmönnum um ónóga samkeppni, ógegnsæja verðlagningu og mismunun, sem m.a. felst í því að erlendir birgjar fá lægri tilboð í nákvæmlega sömu flutninga en íslensk innflutningsfyrirtæki. Fyrirtæki sem stunda milliríkjaværlun eiga gríðarlega mikið undir því að virk og eðlileg samkeppni ríki í flutningum og að fákeppni á flutningamarkaði, sem meðal annars helgast af hinni þægilegu aðstöðu sem skipafélögin hafa komið sér í við Sundin, verði brotin upp.

Sex vikur eru nú liðnar frá því að Faxaflóahafnir fengu sent álit Samkeppniseftirlitsins. Félag atvinnurekenda óskar eftir upplýsingum um eftirfarandi:

- 1) Til hvaða ráðstafana hafa Faxaflóahafnir gripið í framhaldi af álitinu? Hefur einhver vinna verið sett í gang af hálfu Faxaflóahafna?
- 2) Hver er stefna Faxaflóahafna varðandi skipulag og rekstur Sundahafnar með tilliti til samkeppnismála og aðgangs keppinauta stóru skipafélaganna að hafnaraðstöðu og skipaafgreiðslu?
- 3) Hver er tímarammi þeirra aðgerða sem Faxaflóahafnir hyggjast ráðast í?

Í álit Samkeppniseftirlitsins kemur fram að tilmælum stofnunarinnar frá 2008 hafi í engu verið sinnt. Þau voru m.a. þau að skipulags- og hafnaryfirvöld, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, tryggðu möguleika á góðri hafnaraðstöðu til handa nýjum keppinautum sem hefðu hug á að hasla sér völl á mörkuðum fyrir sjóflutninga til og frá landinu.

Fyrirtækin innan raða Félags atvinnurekenda geta engan veginn unað því að í þetta sinn verði tómlæti og aðgerðaleyfi hafnaryfirvalda það sama. Óskað er svars við erindi þessu hið fyrsta.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA